

Tor ehf.

Eyrartröð 13
220 Hafnarfirði

Tegund skoðunar: Reglubundin skoðun 13/11/2018

Staðsetning skoðunar: Eyrartröð 13

Deild:

Eftirlitsmaður:

Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:

Upplýsingar tengdar heimsókn:

Almenn skoðun aðstöðu og öryggis. Afrit verður sent í tölvupósti á [redacted] og [redacted]. Vinsamlega tilkynnið úrbætur til [redacted] eða til Vinnueftirlitsins. (vinnueftirlit@ver.is) [redacted] Aðalskrifstofa: 550-4600.

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [redacted].

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í **áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir** þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

Kynning

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

Athugasemd 1 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Búið er að aftengja öryggisrofa á hlífum Baader 176 flatfisksvélar svo hún geti gengið með hlífarnar opnar. Þetta veldur slyshættu. Sjá myndir í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Vinna er bönnuð við vélina Baader 176 þar til búið er að tryggja öryggi við vélina, tengja alla viðeigandi öryggisrofa og fá leyfi hjá Vinnueftirlitinu til að ræsa vélina að nýju.

Lög & reglur:

046/1980, gr. 85: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
367/2006, I. viðauki, liður 2.8.: Reglugerð um notkun tækja

Leiðbeiningar:

Reglur nr. 367/2006 um notkun tækja, I. viðauki, liður 2.8.

Þegar hætta er á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu þannig að slys getur hlotist af, skulu hafðar á þeim hlífur eða annar viðeigandi búnaður sem hindrar að unnt sé að komast á hættusvæði eða stöðvar hreyfingu þeirra hluta áður en á hættusvæði er komið.

Búnaður til hlífðar eða verndar:

- skal vera traustlega gerður,
- skal ekki sjálfur valda annarri hættu,
- má ekki vera auðvelt að nema burt eða gera óvirkan,
- skal vera nægilega langt frá hættusvæði,
- skal ekki byrgja sýn meðan unnið er, nema að því leyti sem ekki verður hjá komist,
- skal gerður þannig að unnt sé að koma fyrir íhlutum, skipta um þá eða annast viðhald, eftir því sem bráðnauðsynlegt er, en aðgangur skal takmarkaður við það svæði þar sem sú vinna fer fram, og skal unnt að framkvæma hana að sem mestu leyti án þess að hlífur eða annar búnaður til verndar sé fjarlægður.

Máli lokið: Úrbætur framkvæmdar

Athugasemd 2 - Vinnuverndarstarf

Lýsing & mat á aðstæðum:

Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður hefur ekki sótt námskeið um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað en til að þeir geti gegnt starfi sínu á fullnægjandi hátt þurfa þeir á slíkri fræðslu og þekkingu að halda.

Fyrirmæli

Tryggja skal að öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður hafi sótt námskeið um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

920/2006: Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 24. grein.

Leiðbeiningar:

Öryggistrúnaðarmaðurinn og -vörðurinn geta gert ýmislegt til að gera sig sýnilega og fá starfsmenn til að skilja tilganginn með vinnuverndarstarfinu. Til dæmis skipulegar eftirlitsferðir með gátlista, þar sem safnað er saman atriðum er vilja gleymast í dagsins önn. Einnig haldið fundi með starfsfólki þar sem tekin eru fyrir ýmis atriði í starfinu.

Athugasemd 3 - Vinnuverndarstarf

Lýsing & mat á aðstæðum:

Fyrirtækið hefur ekki gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði en hún á meðal annars að fela í sér sérstakt áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfinu ásamt áætlun um heilsuvernd og forvarnir.

Fyrirmæli

Atvinnurekandi ber ábyrgð á gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði. Við gerð hennar skal haft samráð við öryggistrúnaðarmann og öryggisvörð/öryggisnefnd fyrirtækisins og skal henni lokið fyrir veittan frest. Skal áætlunin kynnt í kjölfarið öllum starfsmönnum fyrirtækisins og tryggt að henni verði framfylgt við dagleg störf.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

920/2006: Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Leiðbeiningar:

Áætlun um öryggi og heilbrigði er meira en áhættumat starfa. Hún getur innihaldið ýmislegt tengt efni sem hjálpar stjórnendum að setja nýtt fólk inn í störf. T.d.

Yfirlit um þjálfun nýrra starfsmanna.

Afrit af eineltisáætlun.

Afrit af neyðaráætlun.

Gögn um heilsueflingu starfsmanna.

Gátlista öryggistrúnaðarmanna og varða þar sem tínd eru til atriði sem athuga þarf reglulega.

Áætlun um endurskoðun áhættumats.

Athugasemd 4 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ekki er fyrir hendi neyðaráætlun vegna eldsvoða eða annarra hamfara sem og mögulegrar hættu af viðskiptavinum.

Getur það valdið starfsmanninum aukinni hættu ef viðbrögð við vá eru ekki skipulögð.

Ábending

Neyðaráætlun ber að gera sem síðan er kynnt fyrir starfsfólki og aðalatriði hennar hengd upp á áberandi stað. Neyðaráætlunin þarf að innihalda áætlun og skráningu æfinga.

Neyðaráætlun skal vera hluti af áhættumati.

Lög & reglur:

920/2006. gr. 32: Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum

Leiðbeiningar:

Neyðaráætlun getur tekið á þáttum eins og:

Mismunandi viðbrögð við mismunandi vá.

Hvar á að safnast saman og tilkynna sig?

Staðsetningu öryggisbúnaðar eins og slökkvitækja.

Hvenær á að forða sér?

Hvar eru útgönguleiðirnar?

Eru allir komnir út?

Athugasemd 5 - Félagslegur aðbúnaður

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ekki er fyrir hendi viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis á vinnustaðnum.

Virk eineltisáætlun getur komið í veg fyrir að slík mál verði illeýsanleg og fari úr böndunum.

Fyrirmæli

Gera skal viðbragðsáætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi fyrir vinnustaðinn og kynna hana fyrir starfsmönnum.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

1009/2015, 4. og 5. gr.: Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Leiðbeiningar:

Einelti getur komið upp hvar sem er þar sem fleiri en einn vinna og eru ein erfiðustu mál sem upp koma á vinnustöðum.

Viðbragðsáætlun vegna eineltis þarf því að vera vönduð og tilbúin ef á þarf að halda.

Athugasemd 6 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Á sumum færriböndum er hægt að komast með líkamshluta að leiðiskóflum og öðrum hreyfanlegum hlutum þeirra undir böndunum og er því hætt á að starfsfólk slasist. Sjá nánar myndir í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Útbúa skal öll færribönd þannig að starfsfólk geti ekki klemmst eða slasast.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

367/2006, I. viðauki, liður 2.8. : Reglugerð um notkun tækja

Leiðbeiningar:

Reglur nr. 367/2006 um notkun tækja, I. viðauki, liður 2.8.

Þegar hætt á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu þannig að slys getur hlotist af, skulu hafðar á þeim hlífur eða annar viðeigandi búnaður sem hindrar að unnt sé að komast á hættusvæði eða stöðvar hreyfingu þeirra hluta áður en á hættusvæði er komið.

Búnaður til hlífðar eða verndar:

- skal vera traustlega gerður,
- skal ekki sjálfur valda annarri hættu,
- má ekki vera auðvelt að nema burt eða gera óvirkan,
- skal vera nægilega langt frá hættusvæði,
- skal ekki byrgja sýn meðan unnið er, nema að því leyti sem ekki verður hjá komist,
- skal gerður þannig að unnt sé að koma fyrir íhlutum, skipta um þá eða annast viðhald, eftir því sem bráðnauðsynlegt er, en aðgangur skal takmarkaður við það svæði þar sem sú vinna fer fram, og skal unnt að framkvæma hana að sem mestu leyti án þess að hlífur eða annar búnaður til verndar sé fjarlægður.

Athugasemd 7 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Færíbönd eru víða opin og endar þeirra jafnvel á gönguleiðum eða þar sem þarf að fara um, t.d. við þrif. Hætta er á starfsfólk klemmist eða slasist. Sjá nánar myndir í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Útbúa skal öll færíbönd þannig að starfsfólk geti ekki klemmist eða slasast.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

367/2006, I. viðauki, liður 2.8. : Reglugerð um notkun tækja

Leiðbeiningar:

Reglur nr. 367/2006 um notkun tækja, I. viðauki, liður 2.8.

Þegar hætta er á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu þannig að slys getur hlotist af, skulu hafðar á þeim hlífar eða annar viðeigandi búnaður sem hindrar að unnt sé að komast á hættusvæði eða stöðvar hreyfingu þeirra hluta áður en á hættusvæði er komið.

Búnaður til hlífðar eða verndar:

- skal vera traustlega gerður,
- skal ekki sjálfur valda annarri hættu,
- má ekki vera auðvelt að nema burt eða gera óvirkan,
- skal vera nægilega langt frá hættusvæði,
- skal ekki byrgja sýn meðan unnið er, nema að því leyti sem ekki verður hjá komist,
- skal gerður þannig að unnt sé að koma fyrir íhlutum, skipta um þá eða annast viðhald, eftir því sem bráðnauðsynlegt er, en aðgangur skal takmarkaður við það svæði þar sem sú vinna fer fram, og skal unnt að framkvæma hana að sem mestu leyti án þess að hlífar eða annar búnaður til verndar sé fjarlægður.

Athugasemd 8 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Færibönd eru sum staðar opin, sérstaklega hliðar nærri endum þeirra. Hætta er á starfsfólk klemmist eða slasist. Sjá nánar myndir í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Útbúa skal öll færibönd þannig að starfsfólk geti ekki klemmist eða slasast.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

367/2006, I. viðauki, liður 2.8. : Reglugerð um notkun tækja

Leiðbeiningar:

Reglur nr. 367/2006 um notkun tækja, I. viðauki, liður 2.8.

Þegar hætta er á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu þannig að slys getur hlotist af, skulu hafðar á þeim hlífar eða annar viðeigandi búnaður sem hindrar að unnt sé að komast á hættusvæði eða stöðvar hreyfingu þeirra hluta áður en á hættusvæði er komið.

Búnaður til hlífðar eða verndar:

- skal vera traustlega gerður,
- skal ekki sjálfur valda annarri hættu,
- má ekki vera auðvelt að nema burt eða gera óvirkan,
- skal vera nægilega langt frá hættusvæði,
- skal ekki byrgja sýn meðan unnið er, nema að því leyti sem ekki verður hjá komist,
- skal gerður þannig að unnt sé að koma fyrir íhlutum, skipta um þá eða annast viðhald, eftir því sem bráðnauðsynlegt er, en aðgangur skal takmarkaður við það svæði þar sem sú vinna fer fram, og skal unnt að framkvæma hana að sem mestu leyti án þess að hlífar eða annar búnaður til verndar sé fjarlægður.

Athugasemd 9 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Færíbönd eru sum staðar opin, sérstaklega hliðar nærri endum þeirra. Hætta er á starfsfólk klemmist eða slasist. Fyrirmælin eru þau sömu og í nr. 8 en aðgreind fyrir eiganda þar sem búnaðurinn er nýr. Sjá nánar myndir í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Útbúa skal öll færíbönd þannig að starfsfólk geti ekki klemmist eða slasast.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

367/2006, I. viðauki, liður 2.8. : Reglugerð um notkun tækja

Leiðbeiningar:

Reglur nr. 367/2006 um notkun tækja, I. viðauki, liður 2.8.

Þegar hætta er á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu þannig að slys getur hlotist af, skulu hafðar á þeim hlífar eða annar viðeigandi búnaður sem hindrar að unnt sé að komast á hættusvæði eða stöðvar hreyfingu þeirra hluta áður en á hættusvæði er komið.

Búnaður til hlífðar eða verndar:

- skal vera traustlega gerður,
- skal ekki sjálfur valda annarri hættu,
- má ekki vera auðvelt að nema burt eða gera óvirkan,
- skal vera nægilega langt frá hættusvæði,
- skal ekki byrgja sýn meðan unnið er, nema að því leyti sem ekki verður hjá komist,
- skal gerður þannig að unnt sé að koma fyrir íhlutum, skipta um þá eða annast viðhald, eftir því sem bráðnauðsynlegt er, en aðgangur skal takmarkaður við það svæði þar sem sú vinna fer fram, og skal unnt að framkvæma hana að sem mestu leyti án þess að hlífar eða annar búnaður til verndar sé fjarlægður.

Athugasemd 10 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Klemmihætta er af bandi og hjólum lausfrystis. Sjá mynd í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Tryggja skal að ekki sé klemmihætta af bandi og hjólum lausfrystis.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

367/2006, I. viðauki, liður 2.8. : Reglugerð um notkun tækja

Leiðbeiningar:

Reglur nr. 367/2006 um notkun tækja, I. viðauki, liður 2.8.

Þegar hætta er á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu þannig að slys getur hlotist af, skulu hafðar á þeim hlífar eða annar viðeigandi búnaður sem hindrar að unnt sé að komast á hættusvæði eða stöðvar hreyfingu þeirra hluta áður en á hættusvæði er komið.

Búnaður til hlífðar eða verndar:

- skal vera traustlega gerður,
- skal ekki sjálfur valda annarri hættu,
- má ekki vera auðvelt að nema burt eða gera óvirkan,
- skal vera nægilega langt frá hættusvæði,
- skal ekki byrgja sýn meðan unnið er, nema að því leyti sem ekki verður hjá komist,
- skal gerður þannig að unnt sé að koma fyrir íhlutum, skipta um þá eða annast viðhald, eftir því sem bráðnauðsynlegt er, en aðgangur skal takmarkaður við það svæði þar sem sú vinna fer fram, og skal unnt að framkvæma hana að sem mestu leyti án þess að hlífar eða annar búnaður til verndar sé fjarlægður.

Athugasemd 11 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Reimdrif, öxlar, tengi og öxulendar á færriböndum og drifum eru víða óvarin. Það veldur hættu. Sjá nánar myndir í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Gera skal ráðstafanir til að opnir öxlar og öxulendar sem og keðjudrif og reimdrif valdi ekki hættu. Hlífar skulu vera umlykjandi og/eða öryggisviðmiðum um fjarlægðir fylgt eftir.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

367/2006, I. viðauki, liður 2.8. : Reglugerð um notkun tækja

Leiðbeiningar:

Reglur nr. 367/2006 um notkun tækja, I. viðauki, liður 2.8.

Þegar hætta er á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu þannig að slys getur hlotist af, skulu hafðar á þeim hlífar eða annar viðeigandi búnaður sem hindrar að unnt sé að komast á hættusvæði eða stöðvar hreyfingu þeirra hluta áður en á hættusvæði er komið.

Búnaður til hlífðar eða verndar:

- skal vera traustlega gerður,
- skal ekki sjálfur valda annarri hættu,
- má ekki vera auðvelt að nema burt eða gera óvirkan,
- skal vera nægilega langt frá hættusvæði,
- skal ekki byrgja sýn meðan unnið er, nema að því leyti sem ekki verður hjá komist,
- skal gerður þannig að unnt sé að koma fyrir íhlutum, skipta um þá eða annast viðhald, eftir því sem bráðnauðsynlegt er, en aðgangur skal takmarkaður við það svæði þar sem sú vinna fer fram, og skal unnt að framkvæma hana að sem mestu leyti án þess að hlífar eða annar búnaður til verndar sé fjarlægður.

Athugasemd 12 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Neyðarstöðvun vantar víða á vélbúnað og færíbönd. Neyðarstöðvun skal virka bregðist aðalstjórnbúnaður. Sjá myndir í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Setja skal fullnægjandi neyðarstöðvun fyrir allar hættulegar vélar. Meta skal þörf á neyðarstöðvun fyrir hvert tæki fyrir sig.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

367/2006, I viðauki, liður 2.4.: Reglugerð um notkun tækja

Leiðbeiningar:

Reglur nr. 367/2006 um notkun tækja

I viðauki, liður 2.4. Sé þess þörf skulu tæki búin neyðarbúnaði til stöðvunar sem miðast við hættuna sem af þeim stafar og þann tíma sem venjulega tekur að stöðva þau, og liður 3.1.6. Sjálfknúði tæki sem er á hreyfingu getur verið hættulegt mönnum skal uppfylla eftirfarandi skilyrði: c) á tækinu skal vera búnaður til að hægja á því og stöðva. Sé þess krafist, af öryggisástæðum, skal neyðarbúnaður til að hægja á tækinu eða stöðva það vera vel aðgengilegur eða sjálfstýrður, bregðist aðalstjórnbúnaður;

Athugasemd 13 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ekki er neyðarhnappur/neýðarbjalla í frystiklefum/gámum. Það veldur aukinni hættu. Sjá mynd í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Setja skal upp neyðarbjöllu fyrir frystiklefa. Tryggja skal að alltaf sé hægt að komast að neyðarhnappi fyrir neyðarbjöllu frystiklefa og einnig skal vera hægt að virkja neyðarhnapp niður við gólf.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

046/1980, gr. 1, 42, og 46.: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

012/1965, 14. gr.: Reglugerð um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum

581/1995, gr. 3,7: Reglur um húsnæði vinnustaða

Leiðbeiningar:

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 1980 nr. 46, 1. Gr. b. tryggja skilyrði fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál, í samræmi við gildandi lög og reglur, í samræmi við ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

Sjá staðall ÍST EN 378 1-4. Einnig Reglugerð um öryggisráðstafanir við frystiklefa og búnað í frystihúsum, 13. gr. um lýsingu og 14. gr. Í sérhverjum kæli- eða frystiklefa, skal vera hringingarkerfi, svo að hægt sé að gefa merki frá klefanum og skal bjallan vera þar sem hringingin heyrir örugglega og umferð er eða menn halda sig að staðaldri.

Athugasemd 14 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Neyðarlýsingu vantar í frystigeymslum/gámum. Neyðarljós í frystivélasal hangir á snúrunni. Sjá nánar mynd í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Setja skal upp neyðarlýsingu í frystigeymslum/gámum og lagfæra neyðarljós í frystivélasal.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

581/1995, 37. gr. : Reglur um húsnæði vinnustaða

Leiðbeiningar:

Reglur nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, IV. KAFLI, 37. gr. Útgönguleiðir og neyðarútgangar. 6. Þar sem lýsingar er þörf í neyðarútgöngum og á undankomuleiðum skal vera fullnægjandi neyðarlýsing ef strauðlaust verður.

Staðall ÍST EN378 1-4fisk

Athugasemd 15 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Stöflun fiskikera er mögulega ekki í samræmi við öryggisleiðbeiningar framleiðanda, sjá mynd í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Stafla skal fiskikerum í samræmi við öryggisleiðbeiningar framleiðanda og upplýsa starfsfólk um hættur af völdum þeirra.

Vinnueftirlitið mælir með að gera vinnureglur sem setja má upp á vegg um hvernig staðið verði að stöflun kera.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

581/1995, 3. gr.: Reglur um húsnæði vinnustaða

046/1980, gr. 46: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Leiðbeiningar:

Reglur nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, 3.gr.

1. Húsnæði vinnustaða skal innrétta þannig að þar sé sem öruggast og heilsusamlegast starfsumhverfi. Byggingar skulu vera nægjanlega traustar og þannig gerðar að hæfi notkun þeirra.
2. Vinnurými skal skipulagt með hliðsjón af því starfi sem þar á að framkvæma. Allar umferðaleiðir manna og flutningstækja skulu vera greiðar og afmarkaðar. Sömuleiðis skal skipa efni, vörum og flutningstækjum eða öðrum færanlegum vélum á afmarkað eða aðgreint svæði eða rými eftir því sem aðstæður leyfa. Starfsmenn skulu hafa nægjanlegt athafnarými við störf sín án þess að vera á umferðarsvæðum nema eðli starfsins krefjist þess.

Athugasemd 16 - Efni og efnaáhrif

Lýsing & mat á aðstæðum:

Það vantar öryggisblöð fyrir hættumerkt efni. Vanþekking á efnunum getur valdið starfsmanninum heilsutjóni og vanþekking á viðbrögðum vegna slysa og óhappa getur haft alvarlegar afleiðingar. Sjá nánar myndir í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Fá skal öryggisblöð fyrir hættumerkt efni, fara yfir efni þeirra og kynna starfsmönnum. Gera viðeigandi úrbætur hvað varðar atriði eins og þörf á neyðarsturtu og notkun persónuhlífa. Öryggisblöðin eru í 16 liðum og eiga að vera á íslensku eða öðru tungumáli ef þörf er á.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

553/2004, 5. gr. og 10. gr.: Reglugerð um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum. Breytingarreglugerð nr. 286/2006

Leiðbeiningar:

Birgjar eiga að útvega öryggisblöð, kaupanda að kostnaðarlausu.

Öryggisblöð segja til um hættur af viðkomandi efni, hvernig eigi að meðhöndla það og hvað skal gera í neyðartilfellum.

Gott er að plasta blöðin og hengja upp við geymslustaðsetningu efnanna eða notkunarstað eftir atvikum.

Vinnueftirlitið mælir með að sterkari efnum sé skipt út fyrir veikari og hættuminni þegar þess er kostur.

Athugasemd 17 - Efni og efnaáhrif

Lýsing & mat á aðstæðum:

Það vantar sírennandi augnskol og neyðarsturtu við lyftarahleðslu. Það vantar augnskol vegna efna. Það veldur aukinni hættu ef ekki er hægt að bregðast við neyðartilfellum. Sjá myndir í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Setja skal upp augnskol vegna efna miðað við upplýsingar úr öryggisblöðum. Í eða við lyftarahleðslu skal vera neyðarsturta og sírennandi augnskol.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

046/1980, 51. gr. a: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
553/2004, 4. og 5. gr.: Reglugerð um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum. Breytingarreglugerð nr. 286/2006

Leiðbeiningar:

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, 51. gr. a. Á vinnustöðum þar sem hættuleg efni eða efnavörur eru notuð eða kunna að vera notuð í þeim mæli að við slys geti skapast umfangsmikil hætta fyrir fólk og umhverfi skal atvinnurekandi gera öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir slík slys. Enn fremur skal atvinnurekandi gera ráðstafanir til að unnt sé að bregðast við slíkum slysum svo að tafarlaust megi draga úr afleiðingum þeirra.

553/2004, 4. og 5. gr.

Neyðarsturta og augnskol gegna margþættum tilgangi. T.d. ef hreinsiefni skvettist á eða framan í starfsmann, gufulögn lekur og brennir starfsmann eða geymir springur með tilheyrandi sýrubaði.

Vanda þarf staðsetningu sturtunnar með tilliti til hugsanlegs óhapps og staðsetningu lyftara í rýminu.

Athugasemd 18 - Efni og efnaáhrif

Lýsing & mat á aðstæðum:

Viðeigandi hlífðarfatnað og persónuhlífar vantar í lyftarahleðslu og vegna meðhöndlunar og umgengni við eiturefni og önnur varasöm efni samkvæmt öryggisblöðum. Það veldur aukinni hættu. Sjá myndir í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Viðeigandi hlífðarfatnaður og persónuhlífar skulu vera til staðar vegna meðhöndlunar og umgengni við eiturefni samkvæmt öryggisblöðum. Yfirfara skal geymslu, notkun og endingartíma persónuhlífa í áhættumati og gera viðeigandi úrbætur.

Einnig hvort menn eigi og þurfi að hafa sína eigin grímu eða búnað.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

367/2006, I viðauki, liður 2.17.: Reglugerð um notkun tækja

581/1995, 10. gr. : Reglur um húsnæði vinnustaða

553/2004, 4. og 5. Gr.: Reglugerð um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum. Breytingarreglugerð nr. 286/2006

497/1994, 4. grein 3. liður: Reglur um notkun persónuhlífa

046/1980, gr. 18: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Leiðbeiningar:

Í reglugerð nr. 497/1994 4. grein 3. liður. „Persónuhlífar eru eðli sínu samkvæmt ætlaðar til einstaklingsnota. Ef aðstæður krefjast þess að persónuhlíf sé notuð af fleiri en einum manni skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að slík notkun hafi ekki skaðleg áhrif á notendur hvað varðar heilsu og hreinlæti.“

Athugasemd 19 - Verkstöðvar - líkamlegt álag/líkamsbeiting

Lýsing & mat á aðstæðum:

Þvottavél í þvottahúsi er staðsett á gólfi sem og þvottaefni. Það veldur auknu álagi á starfsmanninn. Sjá mynd í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Hækka skal þvottavélina upp til að bæta vinnuaðstöðu við hana og setja þvottaefni á betri stað til að minnka álag.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

499/1994, 4-6. gr. : Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar

046/1980, gr. 37, 42 og 46: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Leiðbeiningar:

Betri frágangur getur að auki auðveldað þrif á gólfi.

Athugasemd 20 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Umferðarleiðir lyftara og gönguleiðir starfsmanna eru ekki skilgreindar eða afmarkaðar. Það veldur aukinni hættu enda slys af völdum lyftara algeng. Sjá mynd í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Í áhættumati skal fara yfir umferðarleiðir innanhúss og gera viðeigandi úrbætur.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

920/2006, gr. 27 og 28: Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum 581/1995: Reglur um húsnæði vinnustaða

Leiðbeiningar:

Vinnueftirlitið mælir með að umferðarleiðir séu afmarkaðar og merktar.

Athugasemd 21 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ker með innbyggðum færriböndum og úrhleypilúgum geta valdið hættu ef starfsmaðurinn kemst að hreyfanlegum hlutum, t.d. inn um úrhleypilúgu við þrif. Sjá mynd í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Áhættumeta skal þrif á körum með innbyggðum færriböndum og gera viðeigandi úrbætur í samræmi við matið. Ekki skal vera hægt að komast með líkamshluta inn að hreyfanlegum hlutum þegar færiband er í gangi.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

367/2006, 4. og 5. gr og I. viðauki, liður 2.8.: Reglugerð um notkun tækja

Leiðbeiningar:

Reglur nr. 367/2006 um notkun tækja, I. viðauki, liður 2.8.

Þegar hætta er á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu þannig að slys getur hlotist af, skulu hafðar á þeim hlífar eða annar viðeigandi búnaður sem hindrar að unnt sé að komast á hættusvæði eða stöðvar hreyfingu þeirra hluta áður en á hættusvæði er komið.

Búnaður til hlífðar eða verndar:

- skal vera traustlega gerður,
- skal ekki sjálfur valda annarri hættu,
- má ekki vera auðvelt að nema burt eða gera óvirkan,
- skal vera nægilega langt frá hættusvæði,
- skal ekki byrgja sýn meðan unnið er, nema að því leyti sem ekki verður hjá komist,
- skal gerður þannig að unnt sé að koma fyrir íhlutum, skipta um þá eða annast viðhald, eftir því sem bráðnauðsynlegt er, en aðgangur skal takmarkaður við það svæði þar sem sú vinna fer fram, og skal unnt að framkvæma hana að sem mestu leyti án þess að hlífar eða annar búnaður til verndar sé fjarlægður.

Athugasemd 22 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Stórar véldrifnar iðnaðarhurðir eru á húsnæðinu. Hurðirnar eru sumar án útsláttar ef eitthvað/einhver lendir á milli og getur það valdið hættu. Sjá mynd í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Tryggja skal öryggi við notkun véldrifinna iðnaðarhurða m.a. að klemmihætta stafi ekki af þeim.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

581/1995, 44. gr. liður 8.: Reglur um húsnæði vinnustaða

Leiðbeiningar:

Ýmsar leiðir eru færar eftir aðstæðum. T.d. nemar (púlsa) undir hurð, mótur hurðar álagstengdur, hurð sé handvirkt keyrð niður, ljósnemi við hurð.

Vinnueftirlitið mælir með reglulegri skoðun á öðrum búnaði hurðanna eins og lyftivírum.

Athugasemd 23 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Festingar stiga við kar eru brotnar og stiginn því laus. Veldur þetta hættu. Sjá mynd í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Tryggja skal öryggi við notkun stiga við kar.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

581/1995, gr. 3 og 39: Reglur um húsnæði vinnustaða

Leiðbeiningar:

Reglur um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995, gr. 3,4. Gengið skal þannig frá pöllum, gryfjum, stigum, handriðum og opum að ekki sé hættu á að starfsfólk eða aðrir geti fallið niður og slasast. Vélum og tækjum skal komið þannig fyrir að af þeim stafi ekki hættu.

Gr. 39,1. Umferðarleiðir, þar með talið innbyggðir eða fastir stigar, hlaðstæði og -pallar, skal staðsetja og útbúa þannig að fótgangendur og ökutæki megi nota þær vandkvæðalaust, með fullu öryggi og á þann hátt sem tilgangur þeirra segir til um og þannig að starfsmönnum sem eru við vinnu í grennd við þær stafi ekki hættu af.

Athugasemd 24 - Hávaði

Lýsing & mat á aðstæðum:

Hávaði er af ísvél sem staðsett er í umstöflunarsal. Leiðir hávaðinn inn á annað vinnusvæði. Getur þetta valdið óþarfa ónæði og álagi á starfsmenn. Sjá mynd í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Í áhættumati skal fara yfir hávaða af völdum ísvélar og gera viðeigandi úrbætur.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

920/2006, gr. 27 og 28: Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum

581/1995, gr. 11: Reglur um húsnæði vinnustaða

921/2006, 6. og 7. gr.: Reglugerð um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum

Athugasemd 25 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Nema vantar fyrir ammoníak í frysti/kælivélasal og veldur það starfsmanninum aukinni hættu við gasleka ef skynjari er ekki fyrir hendi. Einnig er lokað rými til hliðar tengt salnum þar sem birgðageymir er staðsettur en einnig dælubúnaður og mælar. Ekki er ammoníaksnemi í því rými heldur. Sjá myndir í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Setja skal nema fyrir ammoníak í frysti/kælivélasal eftir fyrirmælum framleiðanda sem og í þau rými er þurfa þjónustu.

Neminn skal ræsa neyðarloftræstingu ef hún gengur ekki stanslaust.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

581/1995, 3. gr. liður 7.: Reglur um húsnæði vinnustaða

Leiðbeiningar:

Ef blásari fyrir almenna loftræstingu uppfyllir ekki svokölluð EX markmið um neistafrían gang í sprengifimu lofti, skal tengja hann við viðvörðunarkerfi vegna Ammoníaksleka sem stöðvar hann. Verður þá blásari af viðurkenndri gerð að taka við.

Athugasemd 26 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ekki er vitað hvort neyðarloftræsting úr vélasal uppfylli staðal 378 3 2013. Blásari fyrir neyðarloftræstingu Ammoníaks skal uppfylla svokölluð EX markmið um neistafrían gang í sprengifimu lofti. Það veldur sprengihættu í miklum ammoníaksleka ef blásarinn er ekki af réttri gerð. Sjá mynd í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Blásari fyrir neyðarloftræstingu vegna ammoníaks skal uppfylla staðal 378 3 2013 um neistafrían gang. Blásarinn skal afkasta nægilegu loftmagni miðað við reglugerð.

Ef blásari fyrir almenna loftræstingu uppfyllir ekki skilyrði staðalsins skal tengja hann við viðvörunarkerfi vegna Ammoníaksleka sem stöðvar hann ef leki fer yfir mörk nemans.

Tryggja skal loftræstingu ú tengdum rýmum.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

046/1980, gr. 42 og 46: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

581/1995, 3. Gr. liður 6.: Reglur um húsnæði vinnustaða

012/1965, 9. gr.: Reglugerð um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum

Leiðbeiningar:

581/1995, 3. Gr. liður 6.

Úr staðli 378 3 2013: The fan shall not cause sparks to occur if it contacts the duct material.

Reglugerð um öryggisráðstafanir við frystikerfi og aðbúnað í frystihúsum. 12/1965, 9. gr. T.d. um afkastagetu miðað við loftmagn.

Lög 1980 nr. 46, 42. gr. Vinnustaður skal þannig úr garði gerður, að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

46. gr. Vélar, vélahlutar, ílát, geymar, katlar, áhöld, tæki, virki hvers konar og húshlutar, samstæður og annar búnaður skal þannig úr garði gerður, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Athugasemd 27 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Gríma til notkunar í ammoníaksleka var ekki fyrir hendi. Það veldur aukinni hættu. Sjá mynd í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Hafa skal viðeigandi öndunargrímu vegna ammoníaksleka tiltæka og geyma nærri frystivélasal. Yfirfara skal grímur reglulega og tryggja að síur séu ekki runnar út á tíma.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

012/1965, 18. gr. 5 liður.: Reglugerð um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum

Leiðbeiningar:

Reglugerð nr.012/1965, 18. gr. 5 liður.

Öndunarhlífar skulu geymdar í hylki, sem verndar þær gegn ryki og á aðgengilegum stað, þar sem þær verða ekki fyrir raka eða of miklum hita. Skal geymslustaður öndunarhlífa að jafnaði vera utan vélasalar, en í námunda við hann. Fylgjast skal með því, að öndunarhlífar séu ávallt í nothæfu ástandi og að síur þeirra verði ekki of gamlar.

Athugasemd 28 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ekki er neyðarstöðvunarhnappur/búnaður fyrir frysti/kælivélar staðsettur á hentugum stað fyrir utan frysti/kælivélasal. Það veldur aukinni hættu ef ekki er hægt að stöðva frysti/kælivélar utan vélasalar vegna sérstakra aðstæðna.

Fyrirmæli

Setja skal neyðarstöðvunarhnapp/búnað á hentugan stað fyrir utan kælivélasal sem drepur á frysti/kælivélum.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

012/1965, 8. gr. 2.: Reglugerð um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum

Leiðbeiningar:

Reglugerð um öryggisráðstafanir við frystikerfi og aðbúnað í frystihúsum. 12/1965, 8. gr. 2. Ef þjappa í kælikerfi er með meira en 50.000 kcal/h afköstum skal þannig frá gengið, að hægt sé að stöðva þjöppuna frá stað utan vélasalar.

Athugasemd 29 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ekki lágu fyrir teikningar af kælikerfum. Það veldur aukinni hættu ef viðeigandi upplýsingar liggja ekki fyrir vegna kerfanna.

Fyrirmæli

Ef kælikerfi hefur meira en 100.000 kcal/h afköst skulu ávallt vera til greinilegar tengimyndir af öllum lögnum og hlutum, sem tilheyra kerfinu. Sé kerfinu breytt, skal breyta tengimyndum í samræmi við það. Eiganda kerfisins er skylt að sjá um, að þessu ákvæði sé framfylgt og tengimyndir séu varðveittar í klefa gæzlumanns.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

012/1965, gr. 16: Reglugerð um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum

Leiðbeiningar:

16 gr. Ef kælikerfi hefur meira en 100.000 kcal/h afköst skulu ávallt vera til greinilegar tengimyndir af öllum lögnum og hlutum, sem tilheyra kerfinu. Sé kerfinu breytt, skal breyta tengimyndum í samræmi við það. Eiganda kerfisins er skylt að sjá um, að þessu ákvæði sé framfylgt og tengimyndir séu varðveittar í klefa gæzlumanns.

Athugasemd 30 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Á utanverðri hurð í dyrum til kæli/frystivélasalar er ekki merking/spjald með greinilegri áletrun, sem gefi til kynna hvaða kælimiðill er notaður í kerfinu. Þetta veldur aukinni hættu, sérstaklega fyrir slökkvilið/björgunaraðila vegna neyðarástands ef ekki liggur ljóst fyrir hvaða hættur leynast innan rýmisins. Sjá mynd í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Á utanverðum hurðum í dyrum til vélasalar kælikerfis skal vera spjald með greinilegri áletrun, sem gefi til kynna hvaða kælimiðill er notaður í kerfinu.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

012/1965, gr. 10.4: Reglugerð um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum

Athugasemd 31 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ekki liggur fyrir hvort frystivélasalur og aðliggjandi rými sé eldtraust. Getur það valdið aukinni hættu ef svo er ekki. Einnig eru lagnaleiðir í gegn um veggj sem þarf að athuga í þessu sambandi. Sjá myndir í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Fara skal yfir hvort frystivélasalur og aðliggjandi rými séu eldtraust og gera viðeigandi úrbætur.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

012/1965, gr. 10.2; Reglugerð um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum

Leiðbeiningar:

Kælikerfi, sem sett eru upp eftir að reglur þessar taka gildi og afkasta meira en 20.000 kcal/h, skulu vera í sérstöku eldtraustu herbergi. Hurðir í dyrum skulu einnig vera úr eldtraustu efni.

Athugasemd 32 - Efni og efnaáhrif

Lýsing & mat á aðstæðum:

Dælubúnaður og tunnur með hreinsiefnum eru staðsettar í fystivélarými en varasöm efni skulu geymd í sérstökum efnageymslum. Standa tunnurnar lausar á gólfinu en ekki í afmörkuðu/sérstöku rými. Þetta veldur aukinni hættu í hættuástandi. Sjá mynd í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Í áhættumati skal fara yfir staðsetningu dælubúnaðar og efna sem fylgja dælunum og gera viðeigandi úrbætur en varasöm efni skulu geymd í til þess gerðum sérstökum geymslum ætluð fyrir varasöm efni.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

581/1995, gr.3: Reglur um húsnæði vinnustaða

553/2004, gr. 5: Reglugerð um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum. Breytingarreglugerð nr. 286/2006

Athugasemd 33 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Frystivélasalurinn er inni í miðju húsi þar sem búið er að byggja við frá upprunalegri hönnun en í reglum segir að önnur af tveimur dyrum salarins skulu veita útgönguleið beint út úr húsinu. Einnig vantar aðra útleið úr salnum í gagnstæðum enda en aðeins eru einar dyr á honum. Þetta veldur ýmissi hættu t.d. með tilliti til brunavarna og sprengifimi ammoníaks sem og köfnunarhættu í miklum leka. Starfsmaður verður að geta flúið frá hættunni þar sem mjög hættulegt er að kafa í gegn um slæman ammoníaksleka. Sjá myndir í fylgiskjali.

Fyrirmæli

Tryggja skal að viðeigandi útleiðir séu til staðar úr frystivélasal. Leita skal áhlits til þess bærð aðila sem hefur faglega þekkingu á brunahönnun og húsnæði vinnustaða varðandi úrbætur um staðsetningu frystivélasalar og útleiðir úr honum. Gera skal tímasetta áætlun um úrbætur og senda Vinnueftirlitinu.

Veittur frestur:

01/03/2019

Lög & reglur:

012/1965, gr. 10.1: Reglugerð um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum
046/1980, gr. 18, 42 og 46: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Leiðbeiningar:

Úr reglugerð um öryggisráðstafanir við frystikerfi: Á vélasölum skulu vera tvennar dyr, sem helzt skulu vera í gagnstæðum endum, og skulu aðrar veita útgönguleið beint út úr húsinu undir bert loft. Útgönguleiðir skulu vera tálmunarlausar og hurðir opnast út. Hurðir, sem vita inn í aðra hluta hússins, skulu falla sjálfar að stöfum.

Vinnueftirlitið bendir á að salurinn skal vera útbúinn að öðru leiti samkvæmt reglugerð, sjá önnur meðfylgjandi fyrirmæli.

Áður en tímafrestir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

[REDACTED]



Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

Andmælaréttur

Samkvæmt 13. gr. stjórnáskýrslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafurlausar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

Áfrýjun úrskurða

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.